



LEIKSKÓLINN
TJARNARSKÓGUR
gleði - virðing - samvinna - fagmennska

Starfsáætlun Tjarnarskógar 2022-2023



Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2. Leiðarljós leikskólans	5
Fjölgreindarkenningin	5
Uppbyggingarstefnan	6
Almennt um Tjarnaskóg.....	7
3. Skólaþróun – Innra mat	7
Mannauður	13
Starfs- og námskeiðsdagar.....	14
4. Hagnýtar upplýsingar	15
Aðlögun og flutningur á milli deilda.....	17
Viðbótarkennsla	17
Húsnæði, lóð og öryggismál.....	19
5. Foreldrasamstarf.....	20
Þátttaka foreldra í skólastarfinu	20
Upplýsingaflæði	20
Foreldrafélag.....	21
Foreldraráð	21
6. Samstarf	21
Nemar	22
Samstarf skólastiga	22
Annað samstarf.....	23
Lokaorð	24

Formáli

Á Íslandi er leikskólinn fyrsta skólastigið og því upphaf formlegrar skólagöngu barna. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími í þroska barns og undirbýr það undir áframhaldandi menntun. Leikskólustarf er viðbót við uppeldi foreldra og því er mikilvægt að traust og samvinna ríki á milli þessara aðila. Allt starf leikskólans skal miða að þroska og aldri barnanna og ber okkur að skapa uppeldisvænar aðstæður þar sem reynir á hug, hjarta og hönd.

Leikskólustarfið í Tjarnarskógi tekur mið af þessu en ár hvert setur leikskólinn sér ákveðna áherslupætti eða markmið, eitt eða fleiri, sem unnið er sérstaklega með í lengri eða skemmri tíma. Í starfsáætlun þessari eru áherslur leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023 kynntar sem og markmið. Mikilvægt er fyrir leikskólann að hafa starfsáætlun til að fylgja eftir því sem við ætlum að gera

1. Greinargerð leikskólastjóra

Tjarnarskógur samanstendur af sterkum starfsmannahóp og er faglegt starf til fyrirmyndar að mati leikskólastjóra. Aðlögun nýrra nemenda gekk vel en þó háði Covid okkur með að foreldrar höfðu takmarkaðan aðgang inn í leikskólann og skapaði það aukaálag á starfsfólk. Mikill munur er á því að nú geta foreldrar komið inn á deildir með börnum sínum.

Nýir nemendur sem hófu nám við skólann haustið 2021 voru 39 talsins og vorið 2022 bættust fjórir í hópinn. Innleiðing á stefnunni Uppeldi til ábyrgðar hófst um haustið, var innleiðingarhópur settur á laggirnar og gekk sú vinna mjög vel. Unnið var með ART í elsta hópnum á Tjarnarlandi en tveir kennarar fóru á námskeið og tveir voru þegar með réttindin. Áætlað er að halda áfram með ART kennslu á Tjarnarlandi og í október 2022 fóru fimm kennarar á réttindanámskeið í ART.

Þegar líða tók á haustið kom í ljós að okkur vantaði kennara á eina deild vegna fæðingarorlofs. Beiðni var send til foreldra þess efnis að minnka vistunartíma tímabundið og tóku foreldrar því vel um áramót vorum við komin með í allar stöður.

Covid setti sinn svip á skólastarfið en vel gekk að vinna úr því. Þann 13. febrúar 2022 kom upp fyrsta Covid smitið hjá starfsmanni og voru mikil veikindi í febrúar og mars. Fyrst Covid og síðan kom slæm flensa sem herjaði bæði á starfsmenn og nemendur.

Það sem stendur upp úr eftir skólaárið er góð samvinna alls starfsfólks og foreldra, án þessarar samstöðu gengi skólastarfið ekki upp. Ég tel að við séum að vinna vel að markmiðum skólastarfs að búa börnum góð menntunarskilyrði. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun þar sem börnum er mætt á þeirra forsendum og skólinn fær góða þjónustu frá Farsældarþjónustu Múlapings.

Skólinn hóf innleiðingu á Uppeldi til ábyrgðar, innleiðingarhópur var settur á laggirnar til að leiða það starf. Hópurinn hefur unnið vel að innleiða stefnuna og var byrjað á starfsfólkinu sjálfu. Í Tjarnarskógi starfa margir kennarar og annað fagmenntað starfsfólk. Við horfum bjartsýn á skólaárið sem nú fer í hönd.

Sigríður Herdís Pálsdóttir
skólastjóri Tjarnaskógar

2. Leiðarljós leikskólans


Leikskólinn er fyrsta skólastigið og byggir starf Tjarnarskógar á Aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla. Í Aðalnámskrá leikskóla er grunnþáttum menntunar skipt í *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun*. Howard Gardner er sá fræðimaður sem horft er til í starfsaðferðum og fellur hugmyndafræði hans, fjölgreinarkenningin, vel að grunnþáttum menntunar.

Fjölgreindarkenningin byggir á átta greindum; málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfspækkingargreind og umhverfisgreind. Megininntak kenningarinnar er viðurkenning á einstaklingsmun nemenda og mikilvægi þess að koma til móts við þarfir hvers og eins. Með þessu móti ætti hver nemandi að fá heildstæða örvun allra greinda til aukins þroska.

Leikurinn helsta námsleið barna, hann er sjálfsprottinn og er börnum eðlislægur. Í gegnum leikinn fá börnin útrás fyrir sköpunarþörf sína, æfa samskipti og tungumálið, tjá hugmyndir sínar og prófa þær. Í Tjarnarskógi er lögð áhersla á leikinn í gegnum allt starf inni og úti, frjálstan leik sem og sjálfsprottinn en einnig stýrðan leik, þar sem kennarar stjórna hópleikjum. **Virðing, gleði, samvinna og fagmennska** eru þau gildi sem starfsfólk leikskólans kaus að hafa að leiðarljósi í öllum samskiptum og eru það einkunarorð skólans.

Fjölgreindarkenningin

Í Tjarnarskógi er skólaárinu skipt upp í lotur og hver lota er tveir mánuðir. Í hverri lotu gefum við tveimur greindarsviðum Gardners meiri gaum en ella. Þannig getum við unnið markvissar og dýpra með þá hæfileika sem einkenna hverja greind. Á eftir hverri lotu er vika sem notuð er til úrvinnslu verkefna og undirbúnings fyrir næstu lotu. Með þessari skiptingu notum við alla grunnþættina sem vinna á með samkvæmt Aðalnámsskrá.



Uppbyggingarstefnan


Í Tjarnarskógi er unnið eftir Uppbyggingarstefnunni eða Uppeldi til ábyrgðar. Hafist hefur verið handa við að innleiða stefnuna hægt og rólega en það er margt í þessari stefnu sem nú þegar er hluti af starfi skólans. Uppeldi til ábyrgðar ýtir undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn hjá einstaklingum. Stefnan byggir á því aðstoða börn við að ræða um tilfinningar sínar og að átta sig á grunnþörfum sínum. Uppeldi til ábyrgðar styrkir einstaklinga í því að læra af mistökum sínum.

Uppbyggingarstefnan byggir á:

- Jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum og gagnkvæmri virðingu
- Ábyrgð hvers og eins á eigin hegðun (getum stjórnað okkur, ekki öðrum)
- Að það er í lagi að gera mistök en mikilvægt að læra af þeim
- Að finna leiðir til að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á öðrum sem eru í kringum mann

Uppbyggingarstefnan hjálpar til við að:

- Skilja eigin hegðun
- Læra að jafna ágreining
- Leiðrétta eigin mistök og læra af þeim
- Sættast við aðra
- Komast fljótt í jafnvægi eftir að hafa misst stjórn á sér



Grunnþarfirnar fimm

Samkvæmt uppbyggingarstefnunni hafa einstaklingar fimm grunnþarfir. Flestir hafa fleiri en eina ríkjandi þörf og það hafa börnin líka, þótt ung séu. Öll hegðun hefur tilgang en þegar við þekkjum þarfir okkar leitum við leiða til að uppfylla þær sem best án þess að ganga á þarfir annarra.

Þarfirnar eru: **Öryggi** - **Gleði** - **Tilheyra** (ást og umhyggja) - **Áhrif** (eigið áhrifavald) - **Frelsi**

Hægt er að skoða frekari upplýsingar um stefnuna á uppbygging.is

Almennt um Tjarnaskóg

Leikskólinn Tjarnarskógur varð til við sameiningu leikskólanna Skógarlands og Tjarnarlands í ágúst 2012 og er starfræktur á tveimur starfsstöðvum (Skógarland - Tjarnarland). Í vetur eru 156 nemendur í Tjarnarskógi á aldrinum eins til fimm ára. Í Tjarnarlandi eru þrjár deildir, Hamrabær, Tjarnarbær og Skógarbær. Í Skógarlandi er húsinu skipt í yngri álmu og eldri álmu og eru þrjár deildir í hvorri álmu.

3. Skólaþróun – Innra mat

Til að auka gæði skólastarfsins, tryggja þróun þess og gæta að nemendur fái þá menntun sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla, metum við starfið markvisst á hverju ári. Margar leiðir eru nýttar til að meta starf leikskólans og til að fá sem heildstæðustu sýnina á skólastarfið er leitað eftir þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Sem hluti af lýðræðislegum vinnubrögðum við innra mat skólans er bæði notað óformlegt mat og formlegt mat;

Óformlegt mat er m.a. fundir, foreldraviðtöl og starfsmannasamtöl.

Formlegt mat er t.d. Skólapúlsinn og starfsmannaviðtöl.

Deildir meta starfið á deildarfundum aðra hverja viku og einnig þeir sem sjá um viðbótarkennslu.

Í febrúar lagði Skólapúlsinn fyrir foreldrakönnun sem kom vel út. Þátttaka foreldra var 81.2%.

Helstu ábendingar sem komu fram í opnum spurningum voru í sambandi við viðhald lóða og skort á bílastæðum á Tjarnarlandi.

Á skipulagsdegi í júní voru nokkrir þættir skólastarfsins metnir sérstaklega af starfsfólki. Þeir þættir voru borðhald, móttaka barna, greindarvinna og fundir. Í heildina á litið kom matið vel út og til þess var horft þegar starf skólaársins 2022 – 2023 var skipulagt.

Innra mat á skipulagsdegi í júní, viðmið tekin úr námskrá og starfmannahandbók og skoðað hvort starfið væri eftir settum markmiðum.

Borðhald

- Er hvatt til sjálfstæðis
- Er matartíminn notaleg stund?
- Fá börnin val í nónhressingu? (t.d. sleppa brauði og fá bara ávexti?)
- Er rætt jákvætt um matinn svo börnin heyri ?

Móttaka barna

- Hvernig er staðið að móttöku barna á deildinni?
- Er eitthvað sem við gætum bætt okkur í?
- Stöndum við upp og tökum á móti börnunum þegar það á við?

Fjölgreindarkenningar Howards Gardners

- Hvernig hefur greindarvinnan gengið skólaárið 2021-2022 ?

Fundir

- Hafa fundir verið eins og þeir eiga að vera?
Hver deild tók þá fundi sem tengist þeirra deild.

Farið var yfir niðurstöður úr matinu á deildarfundum í haust. Hver deild fór yfir þá punkta sem höfðu komið fram í matinu með starf næsta skólaárs í huga.

Sérstakar áherslur í vetur

Leikurinn skipar stóran sess í starfi okkar enda lærir barnið og þroskast í gegnum hann. Unnið er í stórum og smáum hópum allt eftir viðfangsefni hverju sinni.

Helstu verkefni í vetur verða:

- Unnið samkvæmt greindarkenningu Gardners og starfið útfært eftir aldri
- Samstarf á milli deilda, árganga sem og við aðrar stofnanir í bænum.
- Málörvun og læsi. Málörvun fer fram í öllum þáttum leikskólans. Læsi eflum við á margvíslegan hátt í daglegu starfi leikskólans. Sérstaklega er unnið með hljóðkerfisvitund barnanna. Allar deildir leikskólans vinna með kennsluefnið Lubbi finnur málbein sem eflir hljóðkerfisvitund barna á öllum aldri. Efnið er útfært eftir aldri barna.
- Myndrænt dagskipulag er sýnilegt á öllum deildum.
- Stærðfræði. Tölustafir og form eru sýnileg í umhverfi barnanna.
- Numicon. Stærðfræðiform sem notuð eru til að efla talnaskilning. Einingarkubbar. Efla stærðfræði hugsun, rýmisgreind og frjálsan leik.
- Hreyfing. Hver deild fær afnot af sal í hverri viku þar sem skipulagðar hreyfistundir fara fram. Einnig er farið reglulega í gönguferðir.
- Uppeldi til ábyrgðar er uppeldisstefna sem starfsfólk kennir og notar í samskiptum sem og í agamálum. Haldið verður áfram við innleiðingu á stefnunni sem er sú hugmyndafræði sem starfsfólk valdi að innleiða í skólastarfið. Lögð er áhersla á kennslu sjálfsaga, sjálfstjórnar og uppbyggilegra samskipta.

Markmið deilda

Markmið deilda næsta vetrar voru unnin sameiginlega af deildarstjórum í yngri og eldri álmu í Skógarlandi en í Tjarnarlandi unnu deildirnar markmiðin hver fyrir sig.

Yngri álma

Unnið er samkvæmt greindarkenningunni miðað við aldur barnanna.

Helstu áherslupættir eru:

- **Málörvun:** bækur lesnar fyrir nemendur, myndræn skilaboð, setjum orð á athafnir og syngjum saman.
- **Félagsfærni:** nemendur læra að vera innan um önnur börn og félagsþroskinn er í stöðugri þróun undir leiðsögn starfsfólks.
- **Sjálfspækking:** vinnum með líkamsheiti og tilfinningar. Eflum sjálfspækkingu með því að taka mið af áhugasviði hvers og eins.
- **Hreyfing:** eflum líkams- og hreyfiproska á útisvæði. Tökumst á við þrautir í salnum og þjálfum þar samhæfingu augna og handa, eins við matarborð og í leik.
- Hópastarf er í hverri viku þar sem nemendum er skipt niður í minni hópa. Í hópastarfi er unnið með ofangreinda þætti.

Megináhersla fyrir þennan aldur er að nemendum líði vel og finni öryggi í leikskólanum.

Eldri álma

Unnið er samkvæmt greindarkenningu Gardners og tekið mið af getu hvers og eins.

Helstu áherslupættir eru:

Málörvun og læsi

- Málörvun fer fram í öllu starfi deildarinnar.
- Unnið er markvisst með hljóðkerfisvitund, framsögu og kennsluefnið *Lubbi finnur málbein*.
- Myndrænt skipulag sem allir geta farið eftir hangir uppi.

Stærðfræði

- Tölustafir og form eru notuð sem leikefni og eins er unnið markvisst með innlögn og upprifjun á stærðfræðihugtökum sem eflir um leið talnaskilning.
- Grófhreyfingar - Boðið er uppá hreyfistundir í sal skólans ásamt gönguferðum og almennri útivist.
- Fínhreyfingar – markvisst er boðið upp á fjölbreyttan efnivið sem gefur tækifæri til að efla fínhreyfingar eins og púsl, perlur, litir og fjölbreyttir kubbar.

Félagsfærni

- Unnið er með allan hópinn og einstakling ef þurfa þykir. Bæði í minni og stærri hópum eftir því sem við á.
- Börnin læri að umgangast hvert annað og bera virðingu fyrir hvert öðru og starfsfólki.

Tjarnarland

Í Tjarnarlandi vann hver deild að markmiðum fyrir sig.

Skógarbær

Samkvæmt fjölgreindarkenningu Gardners geta einstaklingar verið hæfileikaríkir á einu eða fleiri sviðum án þess að vera það á öðrum. Hæfileikar og áhugi nemenda eru ólíkir og eðlilegt að það læri ekki allir á sama hátt. Því er boðið upp á fjölbreyttar námsaðferðir til þess að allir geti lært á þann hátt sem þeim hentar best. Meðal annars í gegnum lestur, söng, tónlist, hreyfingu, snertingu, samtöl, umræður, leiki, tilraunir og gönguferðir.

Málörvun og læsi

- Málörvun fer fram í öllu starfi deildarinnar
- Unnið er markvisst með hljóðkerfisvitund í samverustundum
- Unnið er markvisst með framsögu í samverustundum
- Unnið er með hljóð og stafi í gegnum kennsluefnið Lubbi finnur málbein
- Myndrænt skipulag er á veggjum sem allir geta farið eftir.
- Bækur eru aðgengilegar nemendum og eru reglulega lesnar af kennurum

Stærðfræði

- Tölustafir, form og kubbar eru notuð sem leikefni, eins er unnið markvisst með innlögn og upprifjun á stærðfræðihugtökum sem eflir um leið talnaskilning.

Hreyfing

- Grófhreyfingar -boðið er upp á hreyfistundir í sal skólans ásamt gönguferðum og almennri útivist.
- Fínhreyfingar -markvisst er boðið upp á fjölbreyttan efnivið sem gefur tækifæri til að efla fínhreyfingar eins og púsl, perlur, liti, skæri, saum, vef og fjölbreytta kubbar.

Félagsfærni

Góð félagsfærni felst meðal annars í því að eiga í jákvæðum samskiptum við aðra, sýna samkennd, eiga auðvelt með að vinna með öðrum og að vera lausnamiðaður þegar kemur að því að leysa úr ágreiningsmálum.

- Félagssfærni er þjálfuð í gegnum allt starf deildarinnar
- Nemendur setja saman sáttmála um hvernig deild þeir vilja vera á m.a. með tilliti til samskipta nemenda og hegðun.
- Unnið er með allan hópinn og einstakling ef þurfa þykir í litlum og stórum hópum, eftir því sem við á.
- Börnin læra að umgangast hvert annað og bera virðingu fyrir hvert öðru og starfsfólki.
- Boðið er upp á ART þjálfun fyrir fjölbreyttan hóp nemenda.
- Unnið að því að nemendur öðlist sterka sjálfsmynd sem er undirstaða góðrar félagsfærni.

Hamrabær

Uppeldi til ábyrgðar: áhersla lögð á félagsfærni, vináttu og samvinnu. Sáttmáli er unnin í byrjun skólaárs og allan veturinn er verið að bæta við. Unnið er samkvæmt fjölgreindarkenningu Gardners. Greindirnar eru átta og unnið er með hverja greind fyrir sig í tvo mánuði og horft á hvern nemanda fyrir sig í getu. Stefna Hamrabæjar er að vinna saman og hafa gleðin að leiðarljósi.

Málörvun og læsi

- Markvisst er unnið er með málörvun og hljóðvitund á deildinni. Lubbi finnur málbein er kennslufni sem stuðst er við, einnig er mikið unnið með lestur bóka, sagðar sögur og farið með þulur og ljóð. Nemendur fá að vera með framsögn einu sinni í viku þar sem þau æfa sig í frásögn. Lagt eru upp úr lestrarvænu umhverfi.
- Myndrænt skipulag er tæki sem er mikið notað á deildinni til að hjálpa nemendum að halda utan um skipulag dagsins.
- Verkefnavinna er alla morgna á milli 8 og 9. Þá vinna nokkur börn í einu að verkefnum sem tengd eru stærðfræði, formum, litum, bókstöfum o.fl. Hver nemandi á eftir veturinn vinnumöppur með verkefnum sínum í.

Stærðfræði

- Unnið er með stærðfræði í gegnum greindirnar. Sett er upp skemmtileg kubbavika sem gengur út á stærðfræðivinnu. Numikon og einingarkubbar eru kennsluefni sem markvisst eru notað á deildinni. Lagt er upp úr að umhverfið sé stærðfræðivænt á deildinni.

Félagsfærni

- Mikið er unnið með félagsfærni á deildinni. Það er t.d. gert með því að nota val þar sem nemendur vinna og leika saman með því að velja sér viðfangsefni en ekki leikfélaga.
- Einnig eru gerð verkefni þar sem vinátta er rædd og hvað við getum gert til að eignast vini.
- Vináttu verkefni eru unnin allan veturinn.

Hreyfing

- Einu sinni í viku er unnið markvist með hreyfingu í sal, þar er farið í allskonar þrautir og leiki.
- Göngutúrar einu sinni í viku og útivist daglega. Vettvangsferðir farnar til að skoða umhverfið og bæinn okkar, oft eru gerð verkefni eftir slíkar ferðir.

Tónlist

- Mikið er unnið með tónlist á deildinni, nemendur fá að kynnast allskonar hljóðfærum og söngstundir eru á hverjum degi.

Hópastarf

- Í hverri viku er hópastarf, þar eru ýmis verkefni unnin t.d. þau verkefni sem fara í Gleym mér ey möppuna sem er ferilmappa nemenda í getu, sköpun og myndlist.

Tjarnarbær

Deildinni er skipt upp í þrjá hópa sem er unnið með í hópastarfi og skipulögðustarfi. Starfsmönnum deildarinnar finnst að gleði og væntumþykja skipti miklu máli og það er það sem við byggjum allt okkar starf á.

Læsi og félags þroski

- Unnið er með Lubba þar sem stafir og hljóð eru æfð. Í lok hvers Lubba tíma er unnið með hljóðkerfisþættina, rím, samstöfur, samsett orð oph.
- Framsögn er æfð í samverustundum, það er sungið og nemendur læra texta. Nemendur skiptast á að vera söngstjórar sem stjórna söngnum. Einnig er farið í ýmsa leiki sem nemendur skiptast einnig á að stjórna.
- Boðið er upp á ART-kennslu á deildinni fyrir hluta nemenda.

- Börnin fá öll hlutverk sem þau gegna í eina viku (þjónar, göngustjórar o.sfrv.), það er bæði gaman og eflandi fyrir nemendur að sinna þeim störfum.

Stærðfræði

- Stærðfræði fléttast inn í verkefnavinnu og eru bæði numiconkubbar og einingakubbar nýttir í stærðfræðivinnu, auk margra annara skemmtilegra kubba.
- Myndrænt skipulag er mikið nýtt t.d. hangir dagskipulag uppi sem allir geta nýtt sér. Einnig er myndrænt vísbendi mikið notað eins og hvernig á að klæða sig út, skref sem farið er eftir við matarborðið, salernisferðir ofl.

Hreyfing

- Boðið er upp á skipulagða hreyfingu í sal einu inni í viku. Alla fimmtudaga er farið í gönguferðir um nærumhverfið okkar og lærum þar helstu kennileiti og leiðir um bæinn okkar. Leiksvæði og útsýnisstaðir hafa verið heimsóttir svo eitthvað sé nefnt. Skoðum gróður og tínum rusl. Einnig er góð og holl hreyfing úti á hverjum degi en farið er að lámarki út daglega og oft er farið út tvisvar yfir daginn.

Mannauður

Í Tjarnarskógi er góður kjarni starfsmanna sem hafa starfað lengi við skólann en þó er alltaf einhver endurnýjun í starfsmannahópnum. Stöðugildi við leikskólann eru 52 og eru það 59 starfsmenn sem fylla þær stöður með mismunandi vinnutíma. Starfsmenn með háskólamenntun eru 35 af þeim eru 20 með kennaramenntun og tveir með Bakkalár háskólagráðu í kennarafræðum. Hjá okkur starfar einnig fólk sem hefur menntað sig sem félagsliða og leikskólaliða, skólinn býr einnig yfir reynslumiklum starfsmönnum sem starfað hafa í leikskóla til fjölda ára. Fjórir starfsmenn eru að bæta við sig menntun á háskólastigi. Einn starfsmaður er í ársleyfi og sex starfsmenn eru í fæðingarorlofi, einn kemur aftur til starfa í nóvember og annar fer í fæðingarorlof eftir áramót. Sex nýir starfsmenn byrjuðu hjá okkur í haust og tveir hættu í október. Í haust var ráðinn húsvörður í 50% starf til að sinna almennu viðhaldi.

Handleiðsla: Starfsmenn sem vinna saman á deildum að hlúa að hver öðrum. Við leikskólann er starfandi öryggisnefnd sem starfsmenn geta leitað til. Einnig er bent á mannauðsstjóra og leikskólafulltrúa ef þörf er á. Starfsmannaviðtöl: Skipulögð starfsmannasamtöl eru sett tvisvar á ári, að hausti og vori. Stutt viðtöl í nóvember/desember og lengri að vori. Starfsmenn hafa alltaf aðgang að stjórnendum ef þörf er á. Móttaka nýrra starfsmanna: Þegar nýr starfsmaður byrjar kemur hann í viðtal til stjórnenda sem segja frá helstu áherslum í starfinu. Deildarstjórum er svo falið að koma þeim inn í starfið, m.a. með lestri starfsmannahandbókar. Lögð er áhersla á virðingu

í samstarfi innan leikskólans. Unnið er að gerð sáttmála um hvernig við viljum hafa samstarfið og er það liður í innleiðingu Uppeldi til ábyrgðar.

Leiðir til upplýsingagjafar, samráðs og skipulagningar

- **Deildarstjórafundir:** Eru tvisvar sinnum í mánuði, að jafnaði fundar hver álma fyrir sig með stjórnendum. Stærri fundir þar sem allir deildarstjórar hittast eru tvisvar á ári.
- **Samráðsfundir deildarstjóra:** Deildarstjórar í hverri álmu eru með samráð einu sinni í mánuði.
- **Deildarfundir:** Eru aðra hverja viku í klukkustund. Starfsmenn annarra deilda leysa af á meðan.
- **Sérkennslufundir:** Einu sinni í mánuði funda þeir sem sjá um viðbótakennslu í sitt hvoru húsinu. Sérkennslustjóri heldur utan um þá fundi.
- **Samráðsfundir:** Eru stuttir fundir leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra og/eða sérkennslustjóra og/eða deildarstjóra þar sem farið er yfir stöðu deildarinnar og/eða einstök mál sem upp koma. Þessir fundir hafa ekki fastan tíma og eru eftir þörfum.
- **Krísufundir:** Stundum koma upp mál sem ekki þola bið eftir næsta skipulagða fundi og er brugðist við því með *Krísufundi*. Til að hægt sé að halda þá reynir á samvinnu deildanna.
- **Samráðsteymi:** Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri mynda teymi sem hittist reglulega. Hlutverk og verkefni samráðsteymisins er velferð barna og starfsfólks, mál sem snúa að skólanum og starfi hans beint eða tengjast fjölskyldu/einkalífi viðkomandi.
- **Starfsmannafundir:** Eru þrjár á haustönn og þrjár á vorönn. Hver fundur er tveir tímar í senn kl.14:15-16:15. Fundirnir eru 30. ágúst, 29 september, 7. nóvember, 17. janúar, apríl og 5. júní.
- **Eldhúsfundir:** Á u.þ.b. 6 vikna fresti fundar matráður í mötuneytinu með matráði Tjarnarskógar og aðstoðarleikskólastjóra.
- Teymisfundur með hóp um innleiðingu á Uppeldi til ábyrgðar fundar fyrsta miðvikudag í mánuði og leggja línurnar hvernig innleiðing á stefnunni er háttað.

Starfs- og námskeiðsdagar

Skipulagsdagar

Á skólaárinu 2022-2022 eru sex skipulagsdagar á skóladagatali. Skipulagsdagarnir eru sem hér segir:

- 16. september -Haustþing leikskóla á Austurlandi
- 25. október -Símenntun og skipulagsvinna.
- 25. nóvember -Sameiginlegur dagur með skólum í Múlaþingi.
- 13. febrúar -Símenntun og skipulagsvinna.
- 21.-23. apríl -Endurmenntun starfsfólks. Farið verður í námsferð til Finnlands þeir starfsmenn sem ekki fara í námsferð sinna endurmenntun í skólanum.

Endurmenntun, önnur en sú sem fer fram á skipulagsdögum eru námskeið sem starfsmenn velja sjálfir að sækja út frá áhugasviði. Einnig eru námskeið skipulögð af skóla og farsældarþjónustu. Oft fara nokkrir starfsmenn saman á þau námskeið sem eru þá í boði á Austurlandi eða í fjarkennslu. Dæmi um slík námskeið, sem kennarar skólans hafa sótt, eru:

- Innra mat (6 kennarar)
- Uppeldi til ábyrgðar námskeið (19 kennarar)
- ART réttindanámskeið (5 kennarar)
- Kennum nýja færni (5 kennarar)
- Menntafléttan:
 - Yngstu börnin í leikskólanum (3 kennarar)
 - Íslenskuþorpið (3 kennarar)
 - Forysta um nám og styðjandi menningu (stjórnendur)
- Námsferð til Helsinki (um 40 kennarar)
- Skyndihjálp
-

4. Hagnýtar upplýsingar

Tjarnarskógur er níu deilda leikskóli á tveimur starfsstöðvum á Egilsstöðum. Leikskólinn er opinn frá 7:45 til 16:15. Í vetur munu 156 nemendur á aldrinum eins til fimm ára stunda nám í Tjarnarskógi og í janúar bætast við fimm nemendur. Vistunartíminn er allt frá fimm klukkutímum og upp í níu klukkutíma en flest eru börnin með átta tíma vistun.

Samsetning nemendahópsins eftir aldri og kyni.

Fæðingarár	heildarfjöldi	Stúlkur	Drengir
2017	35	20	15
2018	43	24	19

2019	37	20	17
2020	24	12	12
2021	17	11	6

Skólatími nemenda

Tími	Fjöldi 2022	Fjöldi 2021
4-5klst	2	0
5-6 klst	6	7
6-7 klst	23	31
7-8 klst	57	69
8 – 9 klst	68	71

Nemendur í Tjarnarskógi eiga uppruna sinn í mörgum þjóðlöndum og tala fjölmörg tungumál.

Tungumál töluð	2022	2021
Íslenska	143	160
Rúmenska	1	2
Serbneska	2	3
Úkraínska	0	1
Tékkneska	1	3
Pólska	5	6
Aseríska	0	1
Litháíska	1	1
Enska	1	0
Filippínska	1	1
Slóvenska	1	0

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda og aldersdreifingu barna á deildum.

Skógarland Yngri álma	Lyng	16 börn fædd 2020-2021
	Lauf	10 börn fædd 2020-2021
	Barr	15 börn fædd 2020-2021
Skógarland	Kjarr	18 börn fædd 2018-2019

Eldri álma	Rjóður	19 börn fædd 2019
	Lundur	18 börn fædd 2018-2019
Tjarnarland	Hamrabær	24 börn fædd 2017-2018
	Tjarnarbær	17 börn fædd – 2018
	Skógarbær	19 börn fædd 2017

Aðlögun og flutningur á milli deilda

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi þess og foreldranna. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum sem getur valdið streitu. Til að auðvelda börnum og foreldrum þessi umskipti hefur verið ákveðið að fara þá leið að hafa svokallaða þáttökuaðlögun. Er þetta aðferð að samskiptum og byggir á þeirri hugmynd að börn og foreldrar séu að læra að vera í leikskólanum, nái að kynnast honum saman, en ekki að börnin séu að venjast því að vera aðskilin frá foreldrum sínum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað. Fyrir tveimur árum var tekin upp sú regla að yngstu börnin væru aðeins til 15:00 fyrstu vikurnar í leikskólanum. Sú breyting að byrja í leikskóla er stór fyrir eins til tveggja ára börn og hefur þetta auðveldað aðlögun margra barna að okkar mati.

Í Tjarnarskógi hófu 29 nýjir nemendur nám á tímabilinu ágúst-september en fjórir nemendur byrjuðu í maí og júní. Flestir nemendur komu í aðlögun í ágúst og byrjun september. Nýir nemendur eru aðallega á yngstu deildum eða 28 talsins. Í janúar verða teknir inn fimm nýir nemendur. Í maí og júní eru skipulagðar heimsóknir milli deilda til að aðlaga börnin að nýrri deild. Þegar börnin mæta eftir sumarfrí mæta þau á þær deildir sem þau eiga að vera á næsta skólaár. Reynt er að koma því við að fyrstu dagana eftir sumarfrí mæti starfmaður af deildinni sem þau voru á til að auðvelda þeim umskiptin.

Viðbótarkennsla

Skóli og nám án aðgreiningar

Í Aðalnámskrá leikskóla má sjá hvernig hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar birtist á leikskólastiginu og endurspeglar um leið ríkjandi menntastefnu á Íslandi. Hugmyndir um skóla án aðgreiningar byggja á gildum mannréttinda, þar er ríkjandi sýn um skóla sem býður upp á nám fyrir alla og horft er til þess að í gegnum almennt skólakerfi sé öllum börnum gefið færi á að fullnægja félags- og námslegum þörfum í sínum heimaskóla. Samkvæmt hugmyndafræði skóla

án aðgreiningar ber skólum að taka á móti öllum börnum þar sem þeim býðst góð menntun byggð á þeirra þörfum sem undirbýr þau fyrir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Í skóla án aðgreiningar er rík áhersla á þátttöku allra barna í skólasamfélaginu og markvisst unnið að því að ryðja úr vegi hindrunum og litið er á fjölbreytni barnahópsins sem ávinning fyrir skólann, samfélagið allt og það feli í sér aukin tækifæri fyrir alla. Kennsluaðferðir í skóla án aðgreiningar eru fjölbreyttar og öllum börnum er mætt á viðeigandi hátt, með eða án stuðnings, svo þau fái notið sín.

Nám án aðgreiningar í Tjarnarskógi

Í Tjarnarskógi er lögð áhersla á fjölbreyttar leiðir til náms og þroska því barnahópurinn hefur ólíka getu og þarfir. Starfað er samkvæmt hugmyndum um snemmtæka íhlutun sem felur í sér að börn fái aðstoð og hjálp sem fyrst á lífsleiðinni. Leitast er við að vinna með öll börn í barnahópnum og að hvert barn sé virkur þátttakandi í daglegu leikskólastarfi. Lögð er áhersla á að hvert barn fái tækifæri til að þroskast og læra miðað við getu. Þau börn sem þurfa aukna aðstoð og/eða stuðning fá hann hvort sem er inni á deild eða í vinnustundum utan deilda, ein eða í hóp með öðrum börnum.

Sérkennslustjóri heldur utan um skipulag, framkvæmd og endurmat á þessum þáttum og er tengiliður skólans við þá sérfræðinga sem koma að greiningu og ráðgjöf s.s. Farsældarþjónustu Múlþings og Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

Endurmat skólaárið 2021-2022

Skipulagning viðbótarkennslu 2021-2022	Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi. Einnig er unnið eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun. Skipulagðir fundir, með þeim sem sinna viðbótarkennslu og fylgd, eru einu sinni í mánuði.
Hvaða matsgögn voru notuð?	TRAS, EFI, MOT og Hljóm-2 eru matstæki sem eru lögð fyrir alla nemendur skólans. Önnur matsgögn sem eru notuð eru; APES, ASEBA, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn og Íslenski máhljóðamælirinn.
Hvaða námsefni var notað?	Fjölbreytt námsefni er nýtt í skólanum, bæði aðkeypt og heimagerð. Fáein dæmi um námsefni eru; Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum, ART, Paxel, spil og bækur.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Lokið	Metið	Viðmið um árangur
------------	---------------------	---------------------	--------	-------	-------	-------------------

Upplýsinga-flæði	Skilabréf til foreldra með niðurstöðum úr EFI-2 og MOT líkt og nú þegar er gert með Hljóm-2	Útbúa grind af skilabréfi með niðurstöðum úr EFI-2 og MOT sem er skilað til foreldra	Sérkennslu stjóri	maí 2023	Metið í samvinnu við deildarstjóra	Bætt upplýsinga-streymi leikskóla til foreldra
Íþadar	Bæta úr skipulagi á Íþöðum sem notaðir eru í viðbótarkennslu	Búa til nýtt ID sem er auðkennt leikskólanum og uppfæra öpp sem voru skráð á önnur ID	Sérkennslu stjóri og deildarstjóri á Lundi	Júní 2023	Metið í samvinnu við þá sem sinna viðbótarkennslu	Bætt aðgengi að öppum og efni sem hægt er að nýta í viðbótarkennslu
Hæfni-rammar	Að auka fjölbreytileika og auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku	Innleiðing á hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn	Sérkennslu-stjóri, deilda-stjórar og kennarar sem sjá um viðbótarkennslu	Júní 2023	Metið í umræðum á fundi með kennurum sem sjá um viðbótarkennslu	Starf sem styður við framfarir í íslensku máli

Húsnæði, lóð og öryggismál

Leikskólinn Tjarnarskógur varð til við sameiningu leikskólanna Skógarlands og Tjarnarlands í ágúst 2012 og er starfræktur á tveimur starfstöðvum, Skógarlandi og Tjarnarlandi. Í Tjarnarlandi eru þrjár deildir Hamrabær, Tjarnarbær og Skógarbær og eru þar tveir elstu árgangar skólans. Í Skógarlandi er húsinu skipt í yngri álmum og eldri álmum. Í yngri álmum eru eins til þriggja ára nemendur á þremur deildum Lyngi, Laufi og Barri. Í eldri álmum eru tveggja til fjögurra ára nemendur á þremur deildum Lundi, Rjóðri og Kjarri.

Almennt viðhald hefur verið í umsjón verkefnastjóra framkvæmdamála og sinnt af áhaldahúsi. Í haust var ráðinn húsvörður í 50 % starf og fer hann yfir öryggi á lóð og lagfærir jafnóðum það sem þarf að laga. Vonir standa til að með húsverði verði hægt að fylgja betur eftir því viðhaldi sem þarf að sinna og setja á lista það sem er aðkallandi eins og málningarvinna og almennt viðhald innanhúss.

Öryggismál

Vinnueftirlitið, heilbrigðifulltrúi og brunaeftirlit fer yfir húsnæði leikskólans og kemur með úrbætur um það sem þarf að laga. Við leikskólann er starfandi öryggisnefnd sem fundar um þau atriði sem koma frá þessu eftirliti. Húsvörður fer yfir þessar skýrslur og lagar það sem þarf að laga

5. Foreldrasamstarf

Líðan og velferð nemenda byggir meðal annars á góðu sambandi heimilis og skóla. Sambandið þarf að einkennast af gagnkvæmu trausti og virðingu. Í Tjarnarskógi viljum við halda áfram að byggja upp skólasamfélag sem einkennist af þessum þáttum því við vitum að foreldrar þekkja börnin sín best og að mestur árangur næst þegar skóli og heimili vinna saman.

Þátttaka foreldra í skólastarfinu

Fræðsla og upplýsingar til foreldra, s.s. fundir, viðtöl, kynningarrit og fréttabréf

Í júní var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra þeirra barna sem voru að hefja nám við leikskólann. Nýir foreldrar fá einnig viðtal við deildarstjóra áður en barnið byrjar í leikskólanum þar sem starfið er kynnt og foreldrar gefa upplýsingar um sitt barn. Við vonumst til að geta haldið kynningafundi fyrir foreldra þriggja elstu árganga barna í október þar sem vetrarstarfið verður kynnt. Foreldrar fá auk þess nánari kynningu á vetrarstarfinu í foreldraviðtölum í nóvember sem og í mars/apríl.

Viðburðir, þar sem foreldrum er boðið að koma í leikskólann til að fylgjast með starfinu, hafa ekki verið síðan í febrúar 2020. Vonast er til að geta boðið upp á eftirfarandi viðburði í vetur;

- Á degi myrkurs er foreldrum er boðið að koma og kveikja á kerti með börnum sínum.
- Í desember er jólaföndur þar sem foreldrum er boðið að koma og eiga stund með barninu.
- Á degi leikskólans er foreldum boðið á sýningu á verkum barnanna. Þá er boðið upp á kaffi og veitingar.
- Útskrift elstu barna: Foreldrar mæta í útskrift hópsins sem á síðasta ári var í hátíðarsal grunnskólans.

Upplýsingaflæði

Heimasíða leikskólans er sá vettvangur, ásamt tölvupóstum, sem notaður er til að auglýsa viðburði og segja frá uppákomum. Á heimasíðunni og í sérstöku appi geta foreldrar skoðað myndir af barninu sínu í leikskólanum og fengið upplýsingar um svefn o.s.frv. Deildarstjórar senda foreldrum reglulega tölvupóst um starfið á deildinni. Deildarstjórar gera *Viðburðardagatal*

fyrir hvern mánuð þar sem dagskrá mánaðarins er tíunduð. Viðburðardagatalið er sent til foreldra í tölvupósti en einnig er það hengt upp á vegg í leikskólanum.

Foreldrafélag

Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna í leikskólanum og veita stuðning við leikskólann og starfsemi hans. Félagsgjöld eru innheimt með leikskólagjöldum. Þau eru notuð til að styrkja ýmis verkefni sem tengjast leikskólastarfinu s.s. leiksýningar, sveitaferðir, jólaball og annað sem uppá kemur hverju sinni. Foreldrafélagið er með flipa á heimasíðu leikskólans og þar eru m.a. lög þess.

Foreldraráð

Það er lagaleg skylda að hafa foreldraráð í leikskólum. Þrír foreldrar eru kosnir til starfa með leikskólastjóra og er hlutverk þeirra að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur einnig eftirlitshlutverk á framkvæmd og kynningu áætlana um leikskólann gagnvart foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Áheyrnarfulltrúar fjölskylduráðs er í höndum foreldraráðs Tjarnarskógar þetta skólaár.

6. Samstarf

Fjölskyldusvið – Farsældarþjónusta (ráðgjöf, fræðsla, námskeið, fyrirlestrar)

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir fjölskyldusvið og sinnir Farsældarþjónusta Múlaþings sérfræðilegum stuðningi við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu skv. lögum um leik- og grunnskóla og reglugerð um hlutverk og markmið skólaþjónustu 2. gr.:

Farsældarþjónustan tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Markmið með Farsældarþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg,

sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Farsældarþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á. Samið hefur verið við Sálstofuna um þjónustu sálfræðinga og munu þeir koma reglulega í skólana í vetur. Farsældarþjónustan og Austurlandsteymið munu starfa þétt saman í því skyni að leysa farsællega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra.

Starfsmenn Farsældarþjónustu Múlaþings eru:

Eyrún Björk Einarsdóttir, talmeinafræðingur.
Jarprúður Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi.
Marta Wium Hermannsdóttir, leikskólafulltrúi.
Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri.
Stefanía Malen Stefánsdóttir, ritari.

Nemar

Í gildi er samningur við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri um samstarf vegna leikskólakennaranema. Það er mikilvægt fyrir skólaþróun að vera í þessu samstarfi. Með því að fá reglulega til okkar nema náum við að heyra um allt það nýjasta sem er að gerast í leikskólafræðunum. Þegar er nemi á fyrsta ári búin að koma og annar nemi í menntunarfræðum kemur í desember. Vonast er til að fleiri nemar komi til okkar í vettvangsnám næsta skólaár.

Samstarf skólastiga

Samstarf Egilsstaðaskóla og Tjarnaskógar um farsæla skólabyrjun veturinn 2022-2023.

Markmið samstarfsins:

- Að auðvelda nemendum tilfærslu milli skólastiga og stuðla að farsælli skólabyrjun við sex ára aldur.
- Að fimm ára nemendur kynnist nemendum, starfsfólki og umhverfi Egilsstaðaskóla samhliða skólagöngu sinni í Tjarnarskógi og stuðla þannig að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga.
- Að auðga skólastarfið á báðum stigum og efla félagsleg tengsl
- Að nýta sérstöðuna og það umhverfi sem við búum við.

Fimm ára nemendur í Tjarnaskógi heimsækja Egilsstaðaskóla og nemendur Egilsstaðaskóla fara í heimsóknir í leikskólann. Nemendur leikskólans kynnast sérstaklega tilvonandi vinabekk sínum, sem er 5. bekkur og nýta sér aðstöðu á leikvelli við Egilsstaðaskóla yfir veturinn. Einnig er nemendum leikskólans sérstaklega boðið að koma í grunnskólann ásamt kennurum sínum í þeim tilgangi að kynnast skólaumhverfinu og nýta sér hina góðu aðstöðu í verkgreinastofum skólans og á bókasafninu. Inni í þessum heimsóknum er einnig samstarf við tónlistaskólann.

Í október koma nemendur 1. bekkjar í heimsókn í leikskólann og sýna 5 ára nemendum, skólatöskuna sína og námsbækur. Í október er líka orðið fast samstarf tengslum við Bras, þá syngja nemendur saman í kirkjunni. Í nóvember fara nemendur leikskólans í heimsókn í

Egilsstaðaskóla, taka stjórnendur skólans á móti hópnum og leiða hann um skólann. Í nóvember er heimsókn á Bókasafnið. Hún er í tengslum við dag íslenskra tungu en þá lesa nemendur í 7. bekk stutta bók fyrir nemendur leikskólans en í seinni heimsókninni fara nemendur í litlum hópum og hitta bókasafnskennara. Í janúar og febrúar fá nemendur leikskólans að kynnast faggreinum og í febrúar verja þau kennslustund með nemendum í 1. bekk og vinna að spennandi verkefnum. Í mars eru tvær heimsóknir, sú fyrri er í Tónlistarskólann og sú seinni er boð á generalprufu fyrir árshátíð 1.-3. bekkjar. Í apríl fá nemendur leikskólans að tka þátt í íþróttatíma undir stjórn íþróttakennara. Þau fara ekki í sturtu eftir íþróttatíma en þurfa að skipta um föt í fataklefa. Í apríl/maí hitta nemendur leikskólans verðandi vinarbekk sinn, sem er 5. bekkur, í útileikjum. Í lok maí koma nemendur leikskólans í Egilsstaðaskóla og dvelja þar í hálfan dag við vinnu verkefna undir stjórn kennara sem verða kennarar í 1. bekkjar að hausti. Skilafundur Tjarnarskógar til Egilsstaðaskóla vegna nemenda í verðandi 1. bekk er í ágúst.

Annað samstarf

Helstu samstarfsaðilar okkar er varða hag nemenda okkar:

- Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins og aðrir sérfræðingar.
- Lögreglan

Einnig er skólinn í samstarfi við nokkra aðila þar sem börnin gegna lykilhlutverki:

- **Tónlistaskólinn** -inni í samstarfinu við grunnskólann er heimsókn í tónlistaskólann en einnig koma nemendur frá tónlistaskólanum í heimsókn í leikskólann til að spila fyrir nemendur
- **Minjasafn** samstarf hjá árgangi 2019
- **Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs:** Farið á deildarvísu.
- **Bókasafn:** Skipulagðar heimsóknir með árgangi 2018, einnig er í boði að fara með minni hópa á opnunartíma.
- **Slökkvilið:** Elsti árgangur er í samvinnu við slökkviliðið og vinnur í forvarnar- og fræðsluefninu um Loga og Glóð.
- **Egilsstaðakirkja:** Kirkjan hefur undanfarin ár boðið leikskólabörnum að koma á stutta aðventustund í desember. Ef foreldrar vilja ekki þiggja þetta boð er undirbúin notaleg stund fyrir þá nemendur í skólanum á meðan.
- **Gistihúsið:** Elstu nemendum skólans er boðið á kaffihús í desember og fá að kíkja upp á herbergi þar sem einn jólasveinn sefur.

Lokaorð

Starfsáætlun sem þessi hefur verið unnin í leikskólanum í allmörg ár en með henni tekst okkur að ramma starfið inni sem gerir starfsfólkinu auðveldara fyrir að stefna í sömu átt. Starfsáætlunin er unnin upp úr mati á starfinu síðastliðinn vetur og byggir á margskonar hugmyndafræði, stefnum og hefðum Tjarnarskógar.

Leikskólastarfið í Tjarnarskógi hefur þróast á farsælan hátt undanfarin ár og er orðið ansi fast mótað. Þó höfum við áhyggjur af langri vistun barna og löngum vinnutíma kennara þar sem álag er mikið. Hér áður fyrir minnkaði álag á deildunum þegar leið á daginn því hátt hlutfall barna fór heim klukkan 14. Nú dvelja börnin langflest í 7 tíma eða fleiri, sem verður til þess að starfsfólk þarf að vinna lengri dag.

Vinnustytting hefur gengið vel í Tjarnaskógi og sjáum við að það hefur áhrif á mætingu og vellíðan starfsmanna.

Viðbótarkennsla eykst í Tjarnarskógi á milli ára og eru börnin sem þurfa á einhvers konar stuðningi/aðstoð að halda yngri nú en oft áður. Sem betur fer starfar hjá okkur fagfólk sem hefur þekkingu og reynslu til sjá hjá ungum börnum ef það eru frávik í þroska og hegðun. Þar sem við leggjum áherslu á snemmtæka íhlutun grípum við inn í og veitum þann stuðning sem þarf svo einstaklingurinn náí að þroskast og dafna. Það er gott að finna að baklandið styður vel við okkur og er tilbúið að veita auka fjármagni til leikskólans þegar grunur vaknar um frávik hjá barni.